

Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2015.

Frá fjárlaganefnd.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
<i>Breytingar á sundurliðun 2:</i>			
1. Við 02-999 Ýmislegt			
a. 1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis	251,1	18,0	269,1
b. <i>Greitt úr ríkissjóði</i>	261,3	18,0	279,3
2. Við 09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir			
a. 1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar	159,0	-18,0	141,0
b. <i>Greitt úr ríkissjóði</i>	159,0	-18,0	141,0

Greinargerð.

Lagt er til að samtals 18 millj. kr. til tveggja verkefna verði millifærðar af liðnum 09-990 Ríkisstjórnarákvarðanir á 02-999-1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Annars vegar er lagt til 15 millj. kr. framlag til aðgerða er miði að því að gera íslensku gjaldgenga í stafrænni upplýsingatækni og stuðla að notkun hennar á þeim vettvangi í samræmi við þingsályktun nr. 18/143 sem samþykkt var í vor (268. mál á 143. þingi).

Hins vegar er gerð tillaga um 3 millj. kr. framlag til framkvæmdar þingsályktunar nr. 23/138 um að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis (383. mál á 138. þingi).

Gert er ráð fyrir að fjárveitingar til verkefnanna í heild verði endurmetnar fyrir gerð frumvarps til fjáraukalaga á næsta ári.